

## REGLUR UM FRAMKVÆMD STJÓRNARKJÖRS

1. Stjórn LÍFSVERKS lífeyrissjóðs skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara og skulu þeir vera sjóðfélagar í sjóðnum. Stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Tvö árin skulu tveir stjórnarmenn kjörnir í hvort sinn og þriðja árið skal einn stjórnarmaður kjörinn. Þau ár sem tveir stjórnarmenn eru kosnir skal kjósa eina konu og einn karl. Kjósa skal jafnmarga í varastjórn á aðalfundi sjóðsins. Þegar kjósa skal einn stjórnar- og varastjórnarmann ræður kosning óháð kyni. Hlutfall annars kynsins í stjórn sjóðsins skal aldrei vera lægra en 40%.

2. Framkvæmd stjórnarkjörs skal vera í höndum þriggja manna kjörnefndar, sem stjórn sjóðsins skipar ár hvert fyrir lok desembermánaðar. Verði ágreiningur innan kjörnefndar ræður afstaða meirihluta kjörnefndar.

3. Kosning skal vera rafræn og byggjast á gildandi sjóðfélagaskrá í lok síðasta mánaðar áður en kosning fer fram. Kosning fer fram á sjóðfélagagátt á vefsþæði sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is). Innskráning er með rafrænum skilríkjum í gegnum síma eða með lykilorði. Hafi lykilorð glatast fæst nýtt lykilorð sent í netbanka. Sá sem telur sig eiga að vera á kjörskrá, en er ekki, hefur til síðasta dags fyrir upphaf rafrænnar kosningar sbr. lið 7 í reglum þessum, til að senda kæru þess efnis til kjörnefndar, sem skal þá úrskurða um kæruna innan tveggja virkra daga.

4. Kjörnefnd skal minnst sex vikum fyrir aðalfund annars vegar auglýsa á vefsþæði sjóðsins hvenær stjórnarkjör fer fram og eftir framboðum til setu í stjórn og hins vegar senda sjóðfélögum boð um aðalfund og stjórnarkjör. Í auglýsingunni skal koma fram tímasetning á lokum framboðsfrests auk þess sem vakin skal athygli á hæfisskilyrðum laga nr. 129/1997. Skal framboðsfrestur vera minnst 14 dagar og skal skila framboðum til kjörnefndar ásamt minnst fimm og mest tíu meðmælendum úr hópi sjóðfélaga fyrir lok framboðsfrests.

5. Allir sjóðfélagar eru kjörgengir skv. gildandi sjóðfélagaskrá og njóta kosningaráttar til stjórnar, sbr. þó þær takmarkanir sem gilda samkvæmt gr. 15.3. í samþykktum sjóðsins. Frambjóðandi getur afturkallað framboð sitt fram til þess tíma er framboðsfrestur rennur út. Sjóðfélagi sem mælt hefur með tilteknum frambjóðanda getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboði hefur verið skilað til kjörnefndar. Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn og má þá innan tveggja virkra daga, ef fullur helmingur meðmælenda frambjóðandans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna í framboð, enda sé sá frambjóðandi kjörgengur. Sjóðfélagar mega að hámarki gefa meðmæli með einum frambjóðanda hverju sinni.

6. Kjörnefnd úrskurðar um lögmæti framboða, m.a. hvort frambjóðandi sé kjörgengur, hvort framboð hafi borist fyrir lok framboðsfrests og hvort frambjóðandi hafi tiltekin fjölda gildra meðmælenda. Ef kjörnefnd telur galla á framboði skal viðkomandi frambjóðandi fá 24 klukkustundir til að leiðréttu gallann, frá því að honum er tilkynnt um gallann. Ef gallar sem kjörnefndin hefur bent á eru ekki leiðréttir innan þess frests telst framboðið ógilt. Þau framboð sem kjörnefnd metur gild skulu síðan kynnt á vefsþæði sjóðsins næstu 7 virka daga eftir að endanlega hefur verið úrskurðað um lögmæti allra framboða.

7. Rafræn kosning meðal sjóðfélaga skal hefjast að lokinni kynningu frambjóðenda og standa yfir í fimm virka daga, auk þeirra fríðaga/helgidaga sem kunna að vera á því tímabili. Á þeim tíma skulu sjóðfélagar einnig eiga þess kost að greiða atkvæði rafrænt á skrifstofu sjóðsins á venjubundnum afgreiðslutíma hans. Rafræn kosning skal fara þannig fram að sjóðfélagar skrá sig inn á sjóðfélagagátt og fylgja því ferli

sem þar er að finna. Hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðenda sem kjósa á hverju sinni.

8. Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta samkvæmt 15.1. gr. samþykkta sjóðsins.

9. Fulltrúi kjörnefndar kynnir niðurstöður stjórnarkjörs á aðalfundi sjóðsins.

10. Hægt er að kæra framkvæmd kosninganna en kærufrestur rennur út þremur virkum dögum eftir að úrslit eru kunngjörð. Verði framkvæmd kosninganna kærð mun stjórn sjóðsins skipa þrjá menn í úrskurðarnefnd. Nefndin skal leysa úr kærum innan þriggja virkra daga frá því að kæra berst.

11. Öll kjörgögn, bæði rafræn og áþreifanleg skulu geymd í tvær vikur eftir að kosningu lýkur. Komi fram kæra má óska eftir því að kjörgögn verði geymd lengur ef það er nauðsynlegt til þess að tryggja lögvarða hagsmuni kærandans.

12. Reglur þessar eru settar með heimild í 15.2. gr. samþykkta Lífsverks lífeyrissjóðs. Reglurnar skulu staðfestar af stjórn og kynntar á vefsþeði sjóðsins eigi síðar en samtímis því að auglýst er eftir framboðum.

18/1 2017

Síðar  
Síðar Síðar  
Helena Sigurðardóttir  
B.A.B.  
Brynjulfur B.